

8. gr.

Í kaupúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðs-gjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónur, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu nr. 124 9. júní 1965, sbr. samþykkt nr. 276 14. nóvember 1969, um breyting á henni.

Samgönguráðuneytið, 9. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð í Borgarfjarðarsýslu.**

1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni.

Sýsluvegir eru:

Innri-Akraneshreppur.

1. Miðgarðsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Miðgarði.
2. Ytra-Hólmsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Ytra-Hólmi.
3. Kjaransstaðavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Kjaransstöðum.
4. Teigsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Teigi.
5. Akarakotvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Akrakoti.
6. Fögrubrekkuvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Fögrubrekku.
7. Heynesvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Heynesi.
8. Reinarvegur: I:	Af Akrafjallsvegi	að Rein.
9. Reinarvegur II:	Af Reinarvegi	að Rein.
10. Víkurvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Vík.
11. Skálatangavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Skálatanga.
12. Másstaðavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Máststöðum.
13. Gerðisvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Gerði.
14. Þaravöllavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Þaravöllum.
15. Innra-Hólmsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Innra-Hólmi.
16. Kirkjubólsvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Kirkjubóli.
17. Kúludalsárvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Kúludalsá.

Skilmannahreppur.

1. Ósvegur:	Af Akranesvegi	að Ósi.
2. Grafarvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Gröf.
3. Galtalækjarvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Galtalæk.
4. Klafastaðavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Klafastöðum.
5. Fellsendavegur:	Af Akrafjallsvegi	að Fellsenda.
6. Stóru-Fellsaxlarvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Stóru-Fellsöxl.
7. Fannahlíðarvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Fannahlíð.
8. Litlu-Fellsaxlarvegur:	Af Akranesvegi	að Litlu-Fellsöxl.
9. Kjalardalsvegur:	Af Akranesvegi	að Kjalardal.
10. Arkarlækjarvegur:	Af Akranesvegi	að Arkarlæk.
11. Hvítanesvegur:	Af Akranesvegi	að Hvítanesi.
12. Galtarholtsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Galtarholti.
13. Stóra-Lambhagavegur II:	Af Lambhagavegi	að Stóra-Lambhaga.
14. Stóra-Lambhagavegur I:	Af Vesturlandsvegi	að Stóra-Lambhaga.
15. Litla-Lambhagavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Litla-Lambhaga.

Hvalfjarðarstrandarhreppur.

1. Katanesvegur:	Af Akrafjallsvegi	að Katanesi.
2. Efra-Skarðsvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Efra-Skarði.
3. Tunguvegur:	Af Efra-Skarðsvegi	að Tungu.
4. Hólsvegur:	Af Svínadalsvegi	að Hóli.
5. Hlíðarfótavegur:	Af Svínadalsvegi	að Hlíðarfæti.
6. Eyrarvegur:	Af Svínadalsvegi	að Eyri.
7. Kambshólsvegur:	Af Svínadalsvegi	að Kambshóli.
8. Hlaðavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hlöðum.
9. Saurbæjarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Saurbæ.
10. Kalastaðavegur:	Af Vesturlandsvegi	að Kalastöðum.
11. Kalastaðakotsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Kalastaðakoti.
12. Eystra-Miðfellsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Eystra-Miðfelli.
13. Hlíðarvegur:	Af Svínadalsvegi	að Hlíð.
14. Svarfhólsvegur:	Af Svínadalsvegi	að Svarfhóli.

15. Ferstikluvegur I:	Af Vesturlandsvegi	að Ferstiklu I.
16. Ferstikluvegur II:	Af Vesturlandsvegi	að Ferstiklu II.
17. Vatnaskógarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Vatnaskógi.
18. Hrafnabjörgarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Hrafnabjörgum.
19. Bjarteyjarsandsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Bjarteyjarsandi.
20. Brekkuvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Brekku.
21. Þyrilsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Þyrli.
22. Stóra-Botnsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Stóra-Botni.
23. Litla-Botnsvegur:	Af Stóra-Botnsvegi	að Litla-Botni.
24. Þórustaðvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Þórustöðum.
25. Geitabergsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Geitabergi.
26. Draghálsvegur:	Af Grafardalsvegi	að Draghálsi.
27. Grafardalsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Grafardal.

Mela- og Leirársveitarhreppur.

1. Vogatunguvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Vogatungu.
2. Lækjarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Læk.
3. Lynghóltsvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Lyngholti.
4. Skipanesvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Skipanesi.
5. Geldingaárvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Geldingaá.
6. Skorhóltsvegur:	Af Melasveitavegi	að Skorholti.
7. Bakkavegur:	Af Melasveitavegi	að Bakka.
8. Súlunesvegur:	Af Melasveitavegi	að Súlunesi.
9. Ásvegur:	Af Melasveitavegi	að Ási.
10. Melaleitisvegur:	Af Melasveitavegi	að Melaleiti.
11. Belgshóltsvegur:	Af Melasveitavegi	að Belgsholti.
12. Narfastaðvegur:	Af Melasveitavegi	að Narfastöðum.
13. Hafnarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Höfn.
14. Fiskilækjarvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Fiskilæk.
15. Vestri-Leirárgarðvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Vestri-Leirárg.
16. Eystri-Leirárgarðvegur:	Af Vestri-Leirárg.v.	að Eystri-Leirárg.
17. Leirárskólavegur:	Af Leirársveitarvegi	að Leirárskóla.
18. Kennarabústaðvegur:	Af Leirárskólavegi	að Kennarabústað.
19. Heiðarborgarvegur:	Af Leirárskólavegi	að Heiðarborg.
20. Leirárvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Leirá.
21. Melkotsvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Melkoti.
22. Neðra-Skarðsvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Neðra-Skarði.
23. Steinhóltsvegur:	Af Leirársveitarvegi	að Steinholti.
24. Leirárkirkjuvegur:	Af Leirárvégi	að Leirárkirkju.
25. Ölversvegur:	Af Vesturlandsvegi	að Ölveri.

Andakílhreppur.

1. Ytri-Skeljabrekkuvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Ytri-Skeljabr.
2. Innri-Skeljabrekkuvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Innri-Skeljabr.
3. Ausuvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Ausu.
4. Hófatúnsvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Hófatúni.
5. Hvannatúnsvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Hvannatúni.
6. Álfhólsvegur:	Af Hvanneyrarvegi	að Álfhóli.
7. Ólafshúsvegur:	Af Hvanneyrarvegi	að Ólafshúsi.
8. Báreksstaðvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Báreksstöðum.
9. Grímarssstaðvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Grímarstöðum.

10. Hvítárvallavegur:	Af Hvítárvallavegi	að Hvítárvöllum.
11. Virkjunarvegur:	Af Skorradalsvegi	að Virkjun.
12. Vatnshamravegur:	Af Vatnshamravegi	að Vatnshömrum.
13. Kvígsstaðavegur:	Af Vatnshamravegi	að Kvígsstöðum.
14. Bæjarvegur:	Af Laugarholtsvegi	að Bæ.
15. Heggstaðavegur:	Af Vatnshamarsvegi.	að Heggstöðum.
16. Hestsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Hesti.
17. Fossatúnsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Fossatúni.
18. Þingnesvegur:	Af Bæjarsveitavegi	að Þingnesi.
19. Stafholtseyjarvegur:	Af Bæjarsveitavegi	að Stafholtsey.
20. Hvítárbakkavegur:	Af Bæjarsveitavegi	að Hvítárbakka.
21. Hellnavegur:	Af Laugarholtsvegi	að Hellum.
22. Laugarteigsvegur:	Af Laugarholtsvegi	að Laugarteigi.
23. Múlastaðavegur:	Af Flókadalsvegi	að Múlastöðum.
24. Eyrarvegur:	Af Flókadalsvegi	að Eyri.
25. Fífusundsvegur:	Af Hvanneyrarvegi	að Fífusundi.
26. Grjótreyrarvegur:	Af Hvítárvallavegi	að Grjótreyri.
27. Miðfossavegur:	Af Skorradalsvegi	að Miðfossunum.
28. Jaðarsvegur:	Af Laugarholtsvegi	að Jaðri.

Skorradalshreppur.

1. Stóru-Drageyrarvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Stóru-Drageyri.
2. Litlu-Drageyrarvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Litlu-Drageyri.
3. Indriðastaðavegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Indriðastöðum.
4. Hagavegur:	Af Hagavegi	að Haga.
5. Mófellsstaðavegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Mófellsstöðum.
6. Háafellsvegur:	Af Skorradalsvegi	að Háafelli.
7. Mófellsstaðakotsvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Mófellsstaðakoti.
8. Bakkakotsvegur:	Af Hagavegi	að Bakkakoti.
9. Hornsvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Horni.
10. Vatnshornsvegur:	Af Hagavegi	að Vatnshorni.
11. Hreppslaugarvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Hreppslaug.
12. Efstabæjarvegur:	Af Hagavegi	að Efstabæ.
13. Efra-Hreppsvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Efra-Hrepp.
14. Stálpastaðavegur:	Af Skorradalsvegi	að Stálpastöðum.
15. Neðra-Hreppsvegur:	Af Mófellsstaðavegi	að Neðra-Hrepp.
16. Hvammsvegur:	Af Skorradalsvegi	að Hvammi.
17. Grundarvegur:	Af Skorradalsvegi	að Grund.
18. Fitjavegur:	Af Skorradalsvegi	að Fitjum.
19. Dagverðanesvegur:	Af Skorradalsvegi	að Dagverðanesi.

Lundarreykjadalshreppur.

1. Mávahlíðarvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Mávahlíð.
2. Grafarvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Gröf.
3. Krossvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Krossi.
4. Kistufellsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Kistufelli.
5. Skarðsvegur I:	Af Uxahryggjavegi	að Skarði I.
6. Skarðsvegur II:	Af Uxahryggjavegi	að Skarði II.
7. Snartastaðavegur:	Af Uxahryggjavegi	að Snartastöðum.
8. Melgerðisvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Melgerði.
9. Hólsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Hóli.

10. Brautartunguvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Brautartungu.
11. Tungufellsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Tungufelli.
12. Brennuvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Brennu.
13. Iðunnarstaðavegur:	Af Uxahryggjavegi	að Iðunnarstöðum.
14. Englandsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Englandi.
15. Reykjavegur:	Af Uxahryggjavegi	að Reykjum.
16. Gilstremisvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Gilstremi.
17. Þverfellsvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Þverfelli.
18. Oddstaðaréttarvegur:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Oddstaðarétt.
19. Oddstaðavegur:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Oddstöðum.
20. Gullberastaðavegur:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Gullberastöðum.
21. Lundarvegur:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Lundi.
22. Lundarkirkjuvegur:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Lundarkirkju.
23. Lundarvegur II:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Lundi II.
24. Arnþórsholtsvegur:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Arnþórsholti.
25. Skálpastaðavegur:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Skálpstöðum.
26. Múlakotsvegur:	Af Lundarreykjadalssvegi	að Múlakoti.
27. Félagsheimilisvegur:	Af Uxahryggjavegi	að Félagsheimili.

Reykholtaldalshreppur.

1. Brúsholtsvegur:	Af Flókadalsvegi	að Brúsholti.
2. Steðjavegur:	Af Flókadalsvegi	að Steðja.
3. Skógavegur:	Af Flókadalsvegi	að Skógum.
4. Hrisavegur:	Af Flókadalsvegi	að Hrisum.
5. Hælsvegur:	Af Flókadalsvegi	að Hæli.
6. Brennistaðavegur I:	Af Flókadalsvegi	að Brennistöðum I.
7. Brennistaðavegur II:	Af Brennist.v. I.	að Brennistöðum II.
8. Giljahlíðarvegur:	Af Flókadalsvegi	að Giljahlíð.
9. Litla-Kroppsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Litla-Kroppi
10. Stóra-Kroppsvegur:	Af Stóra-Kroppsvegi	að Stóra-Kroppi.
11. Klettsvegur:	Af Stóra-Kroppsvegi	að Kletti.
12. Runnavegur:	Af Stóra-Kroppsvegi	að Runnum.
13. Ásgarðsvegur:	Af Stóra-Kroppsvegi	að Ásgarði.
14. Skrúðsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Skrúð.
15. Læknisbústaðavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Læknisbústað.
16. Barnaskólavegur:	Af Læknisbústaðarvegi	að Barnaskóla.
17. Snældubeinsstaðavegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Snældubeinsst.
18. Bergsvegur:	Af Reykdælavegi	að Bergi.
19. Kjalvararstaðavegur:	Af Reykdælavegi	að Kjalvararstöðum.
20. Kópareykjavegur I:	Af Reykdælavegi	að Kópareykjum I.
21. Kópareykjavegur II:	Af Reykdælavegi	að Kópareykjum II.
22. Vilmundarstaðavegur:	Af Reykdælavegi	að Vilmundarst.
23. Sturlureykjavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Sturlureykjum.
24. Laugarvallavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Laugarvöllum.
25. Nesvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Nesi.
26. Skáneyjarvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Skáney.
27. Reykholtsgvegur:	Af Hálsasveitavegi	að Reykholti.
28. Akurgerðisvegur:	Af Reykholtsgvegi	að Akurgerði.
29. Breiðabólstaðavegur:	Af Hálsasveitavegi	að Breiðabólstað.
30. Grímsstaðavegur I:	Af Hálsasveitavegi	að Grímsstöðum I.
31. Grímsstaðavegur II:	Af Grímsstaðavegi I.	að Grímsstöðum II.
32. Grófarvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Gróf.

33. Viðigerðisvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Viðigerði.
34. Deildartunguvegur I:	Af Borgarfjarðarbr.	að Deildartungu I.
35. Deildartunguvegur II:	Af Deildartunguvegi I.	að Deildartungu II.
36. Logalandsvegur:	Af Reykdælavegi	að Logalandi.
37. Brekkukotsvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Brekkukoti.
38. Hurðarbaksvegur:	Af Borgarfjarðarbr.	að Hurðarbaki.
39. Hægindisvegur:	Af Reykdælavegi	að Hægindi.

Hálsasveitarhreppur.

1. Rauðsgilsvegur:	Af Auðsstaðavegi	að Rauðsgili.
2. Auðsstaðavegur:	Af Reykdælavegi	að Auðsstöðum.
3. Kollslækjarvegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Kollslæk.
4. Giljavegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Giljum.
5. Augastaðavegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Augastöðum.
6. Hellubæjarvegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Hellubæ.
7. Hofsstaðavegur:	Af Reykholtsdalsvegi	að Hofsstöðum.
8. Úlfsstaðavegur I:	Af Reykholtsdalsvegi	að Úlfsstöðum I.
9. Úlfsstaðavegur II:	Af Reykholtsdalsvegi	að Úlfsstöðum II.
10. Norðurreykjavegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Norðurreykjum.
11. Hýrumelsvegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Hýrumel.
12. Signýjarstaðavegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Signýjarst.
13. Refsstaðavegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Refsstöðum.
14. Sigmundarstaðavegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Sigmundarst.
15. Stóra-Ásvegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Stóra-Ási.
16. Hraunsásvegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Hraunsási.
17. Húsafellsvegur:	Af Hálsasveitarvegi	að Húsafelli.
18. Rauðsgilsréttarvegur:	Af Auðsstaðavegi	að Rauðsgilsrétt.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa

og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7 000.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegaeða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónur, nema þyngri hegning liggji við að lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu, nr. 123 9. júní 1965, sbr. samþykkt nr. 275 14. nóvember 1969, um breyting á henni.

Samgönguráðuneytið, 9. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Hvammstanga.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps ákveður að leggja gatnagerðargjald á lóðir og byggingar í Hvammstangahreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Hemilit er að leggja gatnagerðargjald á land, sm sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.